



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 20. júní 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Valdimar Jón Björnsson, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Málefni sveitarfélaga í A-Hún

#### a. Fundargerð 30. maí 2013

Fyrir fundinum lá fundargerð sameiginlegs fundar sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu sem haldinn var í Skagabúð þriðjudaginn 30. apríl sl. Á fundinum voru tekin til umfjöllunar helstu atriði í rekstri byggðasamlaga, dreifnám í Austur Húnavatnssýslu og kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna í A- Hún. Á fundinum samþykkt að fela framkvæmdastjórum sveitarfélaganna að útfæra tillögur um vinnulag við úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún.

#### b. Tillaga að framkvæmd hagkvæmniathugunar.:

Í ljósi niðurstöðu sameiginlegs fundar sveitarfélaga í A-Hún, sem haldinn var í Skagabúð þriðjudaginn 30. apríl 2013, þar sem framkvæmdastjórum sveitarfélaganna var falið að útfæra tillögur um vinnulag við úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún lá svohljóðandi tillaga fyrir fundinum:

*Lagt er til að Oddur Gunnar Jónsson sérfræðingur hjá KPMG verði ráðinn til að gera úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún. Framlag Jöfnunarsjóðs að hámarki 2. milljónir kr. sem ætlað er til könnunar á hagkvæmni sameiningar, verði nýtt í þessa úttekt.*

*Oddur mun í upphafi verksins skila inn verkefnatillögu ásamt grófri kostnaðaráætlun um verkið.*

Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

### 2. Grunnskóli - leikskóli

Í framhaldi af umræðu um úttekt á hagkvæmni og rekstri grunn- og leikskóla lagði oddviti fram svohljóðandi tillögu:

*Sveitarstjórn samþykkir að setja á starfshóp um málefni grunn-og leikskóla. Verkefni hópsins er að meta stöðu skólanna faglega, aðbúnaðar- og rekstrarlega auk þess að taka til skoðunar hagkvæmni þess að sameina skólanna. Leitað verður ráðgjafar og aðstoðar frá aðilum sem veita þjónustu á sviði þessara málaflokka.*



*Starfshópin skipa: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson og Péturína Jakobsdóttir. Sveitarstjóri er starfsmaður hópsins. Starfshópnum er ætlað að skila áfangaskýrslu til sveitarstjórnar fyrir 15. október 2013.*

*Skólastjórar grunn- og leikskóla, fræðslustjóri, formaður skólanefndar auk formanna foreldrafélaga skólanna skipa samráðshóp vegna verkefnisins.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 3. Ljósmyndasafn

Fyrir fundinum lá stutt samantekt um ljósmyndasafnið frá því samstarf hófst við Rannsóknarsetur HÍ um starfsmann sem sinnti bæði verkefnum fyrir Rannsóknarsetrið og Farskóla NI. vestra ásamt ljósmyndasafninu.

Oddviti greindi frá vilja HÍ til að framlengja verkefnið til 1. sept. 2014 og lagði til að sveitarstjórn samþykkti að tryggja við gerð fjárhagsáætlunar 2014 að þátttaka ljósmyndasafnsins verði tryggð til sama tíma. Halldór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um áframhald á verkefninu vegna vensla við starfsmann og vék af fundi.

Tillagan var samþykkt.

### 4. Bréf:

#### a. Listskreytingasjóðs ríkisins, dags. 31. maí 2013

Með bréfinu er tilkynnt um að stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins hafi fjallað um umsókn sveitarfélagsins Skagastrandar um útilistaverk og samþykkt að bjóða sveitarfélaginu listaverkið *Sólúr* eftir Magnús Pálsson, sem er einn af bestu listamönnum þjóðarinnar. Verkið samanstendur af tveimur stuðlabergsdröngum sem reistir verði á hellulagða stétt og á ákveðnum dagstímum vísar sólarrönd milli dranganna á eyktarmörk sem verði merkt með járnlettri, sem verði fellt í stéttina. Á drangana sjálfa verða letruð hin gömlu íslensku heiti eyktanna, svo sem rismál, miðmorgunn, nónn, ótta o.s.frv.

Í bréfinu kemur fram að sveitarfélagið verði að leggja til ákveðið mótframlag vegna uppsetningar verksins.

#### b. Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 4. júní 2013

Með bréfinu óskar TA eftir staðfestingu á að sveitarfélagið greiði sveitarfélagshluta kostnaðar vegna nemanda með lögheimili á Skagaströnd sem hafi sótt um tónlistarnám á miðstigi. Meðfylgjandi bréfinu voru upplýsingar um gjaldskrár skólans og upplýst hver væri stuðningur Jöfnunarsjóðs vegna námsins. Halldór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Sveitarstjórn samþykkti erindi TA.



c. Eyðibýli á Íslandi, dags. 15. febrúar 2013

Með bréfinu sem var áður til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 26. febrúar sl. er óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið Eyðibýli á Íslandi. Við fyrri umfjöllun var ákveðið að afla frekari upplýsinga um verkefnið og stuðning annarra sveitarfélaga í héraði. Fyrir fundinum lágu upplýsingar um það. Sveitarstjórn samþykkti að leggja 25.000 kr. til verkefnisins.

d. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. maí 2013

Með bréfinu kynnir sambandið leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun. Bréfið var til kynningar.

e. Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 11. júní 2013

Styrktarsjóður kynnir með bréfinu hvernig aðildarsveitarfélög EBÍ geti sent umsókn um í sjóðinn um stuðning við sérstök framfaraverkefni. Bréfið var til kynningar.

## 5. Fundargerðir:

a. Skipulags- og byggingarnefndar, 30.05.2013

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu nefndarinnar í eftirtöldum liðum:

- 1.a) Afgreiðslu skipulagsbreytinga á svæði 08
1. b) Staðfestingu lóðamarka kirkjugarðs.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 24.05.2013

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 24.05.2013

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Nl. vestra, 24.05.2013

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 17.05.2013

Fundargerðin var til kynningar

f. Stjórnar Markaðsskrifstofu Norðurlands ses, 18.04.2013

Fundargerðin var til kynningar.



g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31.05.2013  
Fundargerðin var til kynningar.

#### 6. Niðurstöður íbúafings 30.04.2013

Á fundinn mættu Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV og Stefán Haraldsson ráðgjafi hjá SSNV. Þeir fóru yfir og skýrðu niðurstöður íbúafingsins, kynntu drög að lokaskýrslu um þingið og túlkuðu helstu áherslur sem lesa má út úr henni.

Mikil umræða varð um málið og hvernig rétt sé að bregðast við niðurstöðum og vinna með þær áfram.

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu í ljósi þeirrar niðurstöðu að efling ferðaþjónustu væri mikilvægt sóknafæri fyrir byggðarlagið:

*Sveitarstjórn samþykkir að skipa starfshóp vegna eflingar ferðaþjónustu á Skagaströnd. Hlutverk hópsins er að skoða hvernig megi gera ferðaþjónustu enn öflugri og mikilvægari atvinnugrein. Skoðaðir verði m.a.möguleikar byggingar hótels á Skagaströnd.*

*Starfshópin skipa: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson og Jón Ólafur Sigurjónsson*  
*Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum fyrir 1. des. 2013.*

#### 7. Önnur mál:

- a) Fram lögð tilkynning um aðalfund Sjávarlíftæknisetursins BioPol ehf. 25. júní nk. kl 15:30
- b) Samþykkt breyting á texta samþykktar um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar.
- c) Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa næstu daga rekstur Bjarmaness frá 1. september.
- d) Halldór lagði fram svohljóðandi tillögu um umferðarmál:  
Sveitarstjórn Skagastrandar fordæmir akstur óskráðra ökutækja innan Sveitarfélagsins Skagastrandar og hvetur íbúa til þess að láta lögreglu vita verði þeir varir við slíkan akstur, sem og önnur umferðarlagabrot. Jafnframt er sveitarstjóra falið að óska eftir að sýslumaður og lögreglustjóri boði til almenns íbúafundar á Skagaströnd til þess að fara yfir akstrur óskráðra farartækja og almenna umferðarmenningu staðarins. Á fundinum yrði jafnframt lagt mat á kosti þess og galla að færa hámarksumferðarhraða niður í 30 km/klst. innan Sveitarfélagsins Skagastrandar.  
Umræður urðu um tillöguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.
- e) Halldór lagði fram svohljóðandi tillögu að ályktun um Blönduvirkjun:  
Með hliðsjón af fyrirhugaðri stækkun Blönduvirkjunar skorar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að orka Blönduvirkjunar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra.



Viðvarandi íbúafækkun hefur verið um langt skeið og neikvæður hagvöxtur á þessu svæði. Því skorar sveitarstjórn á þingmenn Norðvesturkjördæmis að beita sér fyrir að stjórnvöld gefi yfirlýsingu um að orka Blönduvirkjunar verði notuð til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Umræða varð um atvinnumál í þessu samhengi en tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12<sup>00</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Valdimar Jón Björnsson,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson